

28.3.2018

Umsögn um frumvarp til laga um almenn hegningarlög (bann við umskurði drengja), 114. mál.

Umskurður drengja

Lagafrumvarp um bann við umskurði drengja, að viðurlögðu 6 ára fangelsi, er verulega vanhugsað og skaðlegt.

Hér á landi er sem betur fer í gildi lagalegt bann frá 2005 við limlestingum á kynfærum kvenna. Svokallaður umskurður meybarna er grimmdar aðgerð og á rætur í drottunarhyggju feðraveldisins. Hann veldur óafturkræfum skaða og mikilli skerðingu lífsgæða, heftingu, niðurlægingu og undirokunn konunnar.

Eðlismunur er á ofangreindu og umskurði drengja sem hefur viðgengist í um 5000 ár. Það að líkja þessu tvennu saman lýsir annaðhvort verulegri vanþekkingu eða annarlegum ásetningi. Umskurður sveinbarna en einn útbreiddasti menningar/trúarsíður sem fyrir finnst í mannlegum samfélögum. Almennt er talið að rúmur þriðjungur karla í heiminum sé umskorinn. Ástæður eru gjarnan sambland af menningar/trúararfi, hreinlætisástæðum, samkennd, jákvæðri sjálfsmýnd og heiðri. Umskurður drengja er algengastur í Mið Austurlöndum en stór hluti t.d Bandaríkjamanna er einnig umskorinn. Umskurður drengja er hvergi bannaður í heiminum frekar en ungbarnaskírn okkar kristinna, né stangast framkvæmdin á við nokkur mannréttindi.

Hryllingsmynd búin til

Í lagafrumvarpinu er þetta tvennt lagt að jöfnu. Þar er dregin upp hryllingsmynd, talað um limlestingu og líkamsárás. Það sem tugir milljóna upplýstra vesturlandabúa telja mikla blessun og sæmd fyrir sig og syni sína er gert að grimdar glæp sem ber að refsa fyrir. Þar er vitnað í einhliða læknisfræðilegar upplýsingar og reynt að láta líta svo út að síðurinn stangist á við samþykktir Sameinuðu Þjóðanna sem hann gerir þó ekki. Í greinargerð virðist gengið út frá því að alltaf þegar umskurður drengja er framkvæmdur þá sé það við lífshættleg skilyrði, við þvingun og mikla kvöl. Það er alrangt.

Umskurði drengja er ekki ætlað að meiða, niðurlægja eða skerða lífsgæði með nokkrum hætti, heldur hið gagnstæða. Í jafn karl miðlægum feðraveldis menningarsamfélögum sem múslima og gyðinglegra samfélaga, þá er í raun fáránlegt að halda því fram að tilgangur umskurðar sveinbarna sé gerður til niðurlægingar eða til takmörkunna drengja til njóta kynlífs síðar. Þetta varðar sjálfsmýnd, menningu/trú, ævafora síði, heiður og hreinlæti.

Mat lækna

Til eru læknisfræðilegar rannsóknir sem mæla með umskurði drengja, m.a. talinn stuðla að auknu hreinlæti. Eins er hægt að finna læknisfræðilegar kannanir sem vara við, því það eru einfaldlega ekki krefjandi læknisfræðilegar ástæður fyrir hendi. Víst er að málið er viðkvæmt og langt frá því að vera jafn einfalt og lesa má úr greingargerð frumvarpsins.

Trúar og menningarhefðir

Hvergi í Biblíunni, Talmúd trúarritum gyðinga, né í Kóraninum er vísað til svokallaðrar umskurnar meybarna. En þó hefur sá skaðlegi siður gert vart við sig í múslimskum ríkjum þar sem slíkar hefðir voru þegar til staðar fyrir daga Íslams.

En víða er fjallað um umskurð drengja. Í gyðingdómi hefur umskurður drengja á áttunda degi mikið trúarlegt og jákvætt vægi. Sjálfur Jesús var umskorinn en þó hefur siðurinn haft lítið vægi í kristindómi og er því flestum Íslendingum mjög framandi.

Hversvegna?

Hver er ástæða þess að setja íslenska refsilöggjöf um sið sem er okkur svo framandi og fjarlægur en líklegst þriðjungi mannkyns afar helgur og kær?

Með frumvarpinu erum við að senda út þau boð að Ísland, með allt sitt siðferði á hreinu, ætlar að hafa vit fyrir og siðbæta þúsunda ára hefðir gyðingdóms og Islam sem og annarra hundruð milljóna manna. En það sem heimurinn mun skynja og heyra, hróplega; „Við viljum ekki hingað til landsins þá sem stunda þennan sið“.

Mannúð

Væri ekki manúðlegra í upplýstu samfélagi að læra að virða menningarlegan fjölbreytileika og efla þroskaða umræðu við þá sem eru okkur framandi? Að sleppa fælandi refsilagasetningu en bjóða frekar upp á bestu heilbrigðisaðstæður sem völ er á, til að framkvæma umskurð hjá þeim hópum sem þess óska af menningarlegum og trúarlegum ástæðum.

Birtist sem grein í Fréttablaðinu, á ritstjórnaropnu 14.02.2018.

Hjörtur Magni Jóhannsson

Forstöðumaður og prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík

hjortur@frikirkjan.is, Sími 8994131